
Deiliskráning innan Holtslóðar, Neðri-Dal
í Bláskógabyggð



Ragnheiður Gló Gylfadóttir

FS757-19261

Reykjavík

Fornleifastofnun Íslands

2019



Forsíðumyndin er af vörðu ÁR-366:023. Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

© 2019

Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Samantekt	5
1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	11
4. Fornleifaskrá:	13
5. Niðurstöður	19
Hnitaskrá ISN93	21
Heimildir	22
Viðauki I: Minjakort	24

Samantekt

Í ágúst 2019 fóru eigendur jarðarinnar Neðri-Dals í Bláskógabyggð fram á að Fornleifastofnun Íslands tæki að sér skráningu innan deiliskipulagsreits, Holtslóðar, syðst í landi lögbýlisins. Svæðið afmarkast af Stakksá til suðurs og Biskuptungnabraut til austurs en mörk þess til norðurs og vesturs eru meðfram Holtsjaðri. Svæðið er gróið, þar er birkiskógur að hluta, kjarrlendi og gróið valllendi. Fimm minjastaðir fundust innan svæðisins, í flestum tilfellum ætti að vera auðvelt að tryggja að fyrirhugaðar framkvæmdir raski ekki minjum.

Efnisorð: Fornleifastofnun Íslands. Fornleifaskráning, deiliskráning, Bláskógabyggð, Neðri-Dalur

Summary

This report presents the findings and conclusion of a detailed survey carried out on a plot in Neðri-Dalur, Bláskógabyggð in Árnessýsla. The survey took place in august 2019. Five sites were surveyed within the detailed planning area. All of the sites surveyed can be spared if the necessary precautions are taken.


Keywords: Institute of Archaeology, detailed survey, archaeology, Bláskógabyggð, Neðri-Dalur

1. Inngangur

Í ágúst 2019 höfðu eigendur jarðarinnar Neðri-Dals í Bláskógabyggð samband við Fornleifastofnun Íslands og fóru þess að leit að stofnunin tæki að sér skráningu fornleifa á deiliskipulagsreit sem kallast Holtslóð, í samræmi við fyrirmæli Minjastofnunar Íslands.¹ Holtslóð er vestan við Biskupstungnabraut og norðan Stakksár, syðst í landi Neðri-Dals. Skráningin er gerð vegna breytinga á eldra deiliskipulagi en fyrirhugað er að reisa allt að 40 sumarhús á hluta svæðisins. Deiliskipulagsreiturinn einkennist af kjarrivöxnu mólendi og lágreistum birkiskógi.

Vettvangskönnun fór fram í lok ágústmánaðar en þá var gengið skipulega um svæðið í leit að minjum, hvort sem heimildir voru um minjar eða ekki. Að auki voru allar sýnilegar minjar mældar upp. Um vettvangsskráningu, úrvinnslu, kortagerð og skýrsluskrif sá Ragheiður Gló Gylfadóttir. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Ragnheiði en loftmyndirnar eru frá Loftmyndum ehf.

Áður en vettvangsskráning hófst voru þekktar þrjár fornleifar innan deiliskipulagsreitsins samkvæmt svæðisskráningu.² Við úttekt á svæðinu bættust við tvær fornleifar, alls eru því þekktar fimm fornleifar innan þess. Samhliða vettvangsvinnu var rætt við Einar Bjarnald Jónsson,



Skráningarsvæðið er afmarkað með rauðum punktum nokkuð sunnan við Langjökul. Kort: Landmælingar Íslands.

1 Sjá bréf MÍ201907-0129/6.09./KM
2 Kristjana Vilhjálmsdóttir, 2015.

heimildamann og einn eigenda Neðri-Dals. Hann ólst upp á jörðinni og þekkir svæðið vel og las hann einnig yfir drög að skýrslu. Eru Einari færðar þakkir fyrir aðstoð sína og fróðleik um svæðið.

Skýrsla þessi er byggð upp þannig að á eftir inngangi er að finna stuttan yfirlitskafla um fornleifaskráningu og löggjöf hér á landi. Í kjölfar hans fylgir kafla þar sem skráningarkerfi og aðferðafræði Fornleifastofnunar er útskýrt (kafla 3). Í fjórða kafla er að finna sjálfa skráninguna sem skreytt er teikningum og ljósmyndum og í fimmta og síðasta kaflanum eru teknar saman helstu niðurstöður skráningarinnar. Allra aftast er að finna heimildaskrá og kort sem sýna staðsetningu minja á skráningarsvæðinu.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða

þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Við deiliskráningu sem gerð er í tengslum við deiliskipulag koma oft áður óþekktar minjar í ljós. Að auki geta minjar sem sjást ekki eða illa á yfirborði komið í ljóst við framkvæmdir. Fornleifar eru þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætt á að áður óþekktar minjar finnist við jarðrask. Ef slíkar minjar koma í ljós, eða ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-409:001). Fornleifaskrá hvernar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis minjastaðurinn er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hvers kyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvaða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93). Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar mæld upp mörk allra merkjanlegra minja. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síðu tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvaða hann á grundvelli fyrir liggjandi upplýsinga með um 50 m fráviki.


Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálft ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis framkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðis. Það skýrir þá staðreynd að númeraröðin er slitrótt enda upplýsingar ekki birtar um minjar sem eru utan skráningarsvæðisins.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens	Númer fornleifar á tiltekinni jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93
Sýslutákn	SF-175:009	Sveinshlaða	tóft	hlaða	E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horfi til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólfið eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfín virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

→ Hætta sem steðjar að fornleif

↓
Heimild sem vísað er í,
nánari fiersla í heimildaskrá

Dæmi um skráningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar.

4. Fornleifaskrá:

ÁR-366 Neðri-Dalur (Neðri Haukadalur)

Sögulegar heimildir:

1331: Máldagi Mariúkkirkju í Haukadal. “J nedra haukadal skal syngja hinn fiorda huernn sem lijzt thil,” DI II, 668.

1397: Máldagi kirkju í Haukadal efra. “J nedra haukadal skal syngja enn fiorda hvern dag sem hlijzt til bænhvss,” DI IV, 40.

1686: 30 hdr. Skálholtskirkjueign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 113.

1695: 23 hdr. 40 ál, skv. The Old Icelandic Land Registers, 113.

1709: “Jarðardýrleiki er óviss. Eigandinn er Skálholts dómkirkja [...] Skógur hefur hjer góður verið, rýrnar mjög svo, en er þó enn nú að gagni. Skriður spilla landinu, og hafa skemt tún og engjar, sem áður er sagt. Jörðunni spilti Hekla, þá hún gaus,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 307.

1847: 34 2/3 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 69.

1853: Tún plægð á 8 jörðum í Biskupstungum, þar á meðal í Neðri-Dal. “Með þessum hætti eru í sumar á 8 jörðum plægðir 3508 ferhyrindir faðmar, og á áliðnu sumri eru flögin aftur plægð, nema 700 ferfaðmar. Af girðingum kringum það plægða eru nú hlaðnir 320 faðmar,” segir í Inn til fjalla, 181.

1899: Árið 1896 voru 7 bæjarhús og 12 peningshús í Neðridal. Eftir jarðskjáltana sama ár voru 1 bæjarhús og 1 peningshús lítið skemmd skv. Landskjálftum á Suðurlandi e. Þorvald Thoroddsson, 176.

Túnakort 1920: Heimatún: 4,1 ha. Aukatún 1,3 ha. = 5,4 ha. Matjurtag.: 914 + 99 m² = 1013 m².


“[Í Stekkatúni] var býli fram um síðustu aldamót, sem hét Gustuk,” segir í Örnefnaskrá, 1.

“Ólafsbær [001] er við vesturhorn brekkunnar [Ólafsbrekku]. Þar sjást tóftir af bæ enn,” segir í Örnefnaskrá, 2.

Árgil er iðnaðarbýli byggt í landi Neðra-Dals árið 1975. Land þess er um 2 ha að stærð. Það er suðaustanundir Bjarnarfelli við Kónsveginn gamla og nær frá þjóðvegi upp í fjallshlíðina,» segir í Sunnlenskum byggðum I, 92.

Stallar er “garðyrkjubýli stofnað í landi Neðra-Dals árið 1976. Landstærð er 1,87 ha. Það er við Biskupstungnabraut milli hennar og Bjarnarfells. [...] Ekki hefur enn verið reist íbúðarhús þar, og hafa ábúendur verið til heimilis í Neðra-Dal,” segir í Sunnlenskum byggðum I, 93.

Neðri-Dalur: “Jörðin er landstór, en mikill hluti hennar er fjalllendi, enda nær hún yfir mestan hluta Bjarnarfells, sem er 727 m hátt. Vestan fjallsins eru valllendisflatir, sem eru að mestu í landi jarðarinnar. Ofantil í fjallinu eru litlar gróðurteygingar, en neðantil í austurhlíð þess er töluverður birkiskógur. Sunnar eru skógi vaxnir ásar og grýttur árframburður. Austantil er mýrlendi, sem hallar niður að Laugá og Almenningsá. Bærinn stendur suðaustan undir fjallinu. Þar í kring eru jafnlendar flatir, sem eru ágætt ræktunarland þótt jarðvegur sé þar víðast grunnur. Landið er skjólgott og sumarhagar góðir og vetrararbeit nokkur,” segir í Sunnlenskum byggðum I, 94.



Uppmæling af Holtshúsum ÁR-366:020.

“Holtshús nefnist fjárhústóft austan við Holt. Hún er í brekku um 35 m ofan við Kónsveg [ÁR-691:004]. Var 60 kinda hús, lagt niður 1931,” segir í viðauka við örnefnaskrá. “Holtshús. Austan við Holt, í brekku um 10 m neðan við raflínu um 35 m frá tóft niður á götuslóða, Kónsveg,” segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Húsið er merkt inn á herforingjaraðskort frá 1910 um 1,15 km suður af bæ. Samkvæmt heimildamanni ganga húsinn einnig undir nafninu Holtstóft. Tóftin er rúmum 1,2 km sunnan við bæ 001, sunnarlega í landi Neðri-Dals.

Tóftin er í brekku sem hallar til austurs, niður ás sem kallast Holt. Tóftin er því sem næst í miðri brekkunni og grasivaxið tún er umhverfis hana. Á svæðinu er sjálfssáð birki en inn á milli eru deiglendi,

grónir vellir, rof og lækjarfarvegir.

Tóftin er 20 x 9 m að stærð, snýr austur-vestur og skipist í tvö hólfi. Tóftin er grasivaxin og áberandi í landslaginu. Til austurs er hólfi 1. Hólfið er 8 x 2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er op á



Tóft Holtshúsa ÁR-366:020, horft til austurs.

miðri austurhlíðinni og veggirnir eru einna þykkastir þar en ekki er ólíklegt að hrun hafi aukið við breiddina. Annað op er til vesturs, yfir í hólfi 2. Veggirnir eru 2-3 m á breidd, 0,5-1 m á hæð og grasivaxnir. Þeir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, það glittir í grjót á stöku stað án þess að greinileg umför sjáist. Eftir hólfinu endilöngu liggur grjóthlaðinn garði, 6x1 m að stærð. Hann er 0,6 m á hæð og það er gróið yfir hleðslurnar. Hólfi 2 er vestar og er niðurgráfin hlaða. Hún er 4,5 x 3,5

m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru mikið raskaðir og víða er rof í þeim. Op er á miðjum austurvegg, yfir í hólfi 1. Hólfið er 1,5 m á dýpt og veggjahrun fyllir það að hluta.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Neðri-Dalur B, 1; Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 161; Hkort 46 Hlöðufell SA

ÁR-366:022 Ferjuholt örnefni ferja

“Ofan við Eyrar er holtstrani, Ferjuholt, ofan við það er stærra og hærra holt, nefnt Holt,” segir í örnefnaskrá. Ferjuholt er suðvestarlega innan Holtslóðar, syðst í landi Neðri-Dals. Ferja var yfir Stakksá þegar sem mest var í henni í leysingum – en þá var áin ófær öðruvísi en með ferju að sögn heimildamanna. Líklega var ekki

ferjað yfir Stakksá að staðaldri utan þessa heldur einfaldlega farið gangandi eða ríðandi. Ekki er vitað hvort að vað var á sama stað, heimildir geta þess ekki. Ekki er vitað nákvæmlega hvar ferjað var yfir ána, líklega var það vestan við árgilið, þar sem Konungsvegur ÁR-691:004 lá. Það svæði er raskað vegna malarnáms og afar ólíklegt að nokkur ummerki ferjunnar hafi varðveist.

Heimildir: Ö-Neðri-Dalur A, 1

ÁR-366:023 varða óþekkt

A 434724 N 421907

Varða er rúmum 460 m VNV við fjárhús 020 og tæpum 80 m vestan við vörðu 049. Hún er á norðausturbún svokallaðs Holts, hlaðin sunnan í grýttu klettabelti. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var byggð t.a.m. er ekki vitað til þess að hún sé hluti af leið eða eyktarmark. Hún er engu að síður áberandi og sést víða að austan við holtið. Um 10-15 m há brekka er til austurs frá vörðunni.

Varðan er norðaustan í holtinu, syðst í grýttum klettum.

Varðan er m 1x1 m að grunnfleti og 0,5 m á hæð. Það má greina 3-4 umför af grjóti í henni sem tekið er úr klettabeltinu. Grjótið í vörðunni er stærra en grjótið í nánasta umhverfi og sker hún sig úr af þeim sökum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Varða ÁR-366:023, horft til NNV.

ÁR-366:049 varða óþekkt

A 434798 N 421878

Á svokölluðu Holti eru grónir klettahólar inn á milli trjágróðurs og moldarflaga. Á lágum klettahól á þessum slóðum er vörðubrot, tæpum 80 m austan við vörðu 023 og um 380 m VNV við Holtshús 020. Áberandi rof í mosa sést til suðurs frá vörðunni en ekki eru ummerki um nein mannaverk í því.

Uppi á holtinu eru mosavaxnir klettahólar, melur og lágreistur birkiskógur.

Varðan er umfangslítill og líklega sést einugis grunnur hennar. Hún er 1,5x1 m að grunnfleti og snýr austur-vestur. Það má greina 1-2 umför af smáu grjóti sem mynda hring. Ekki er víst að mannvirkið sé gamalt og ekki er vitað í hvaða tilgangi það var byggt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Varða ÁR-366:049, horft til suðurs.

Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Biskupstungnahrepp

ÁR-691:004 *Konungsvegur* vegur leið

A 435197 N 421722

“Svo átti að heita, að vagnfært væri úr Reykjavík austur á Þingvelli. Þaðan þurfti að gera vagnfæran veg austur að Geysi og síðan fram Hrunamannahrepp og Skeið að Þjórsártúni sem var viðkomustaður með tilliti til Rangæinga. Þaðan var áður kominn vagnfær vegur til Reykjavíkur. Menn gerðu ráð fyrir að konungurinn kysi að aka þessa leið í yfirbyggðri létti kerru fremur en að ferðast ríðandi. [...] Hluti verksins var unninn sumarið 1906, en meiriparturinn fyrripart sumars 1907, enda kom konungurinn ekki fyrr en í ágúst,” segir í ÁFÍ 1998.

“[Neðri Dalur:] Sést mjög greinilega fyrir neðan Hólshús og heim undir tún. Lá rétt neðan bæjar og með hliðinni í gegn þar sem stallar eru nú. Síðan brautin inn með Einbúa og upp fyrir túnin sem markast af skurðum, þar þvert yfir og þar sem hlið er á túni og yfir Helludalsveg. Beygir síðan niður að Laugaá, fer yfir Bjarnarskurð og áfram niður með bökkum Laugarár. [Gýgjarhóll:] NA í Hólnum má sjá slóð niður með hól í átt að læknum og er það líklega Kónsvegurinn. [...] Stefnir um 191°,” segir í Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986.

“Neðan við Helliggilið er Skriða. Hún er nú ræktað tún. Um hana lá Konungsvegur. Þar voru margir götuslóðar hlið við hlið. Þar var reiðvegurinn til Geysis,” segir í örnefnaskrá Neðri-Dals. “Neðar með Sölvagili að sunnan eru tvö skurðstykki ræktað í tún, Sneplar. Gamli þjóðvegurinn, Kónsvegur liggur sunnan við þá, og er Langafliot samliggjandi honum að sunnan,” segir í örnefnaskrá Dalsmynnis. “Lítið eitt norðan við gamla túnið [á Stritlu/Dalsmynni] lá Konungsvegurinn á vaði yfir Andalæk og síðan austur yfir móana og neðan við Austurhlíð. Af honum sést nú ekki neitt á þessum kafla,” segir í ÁFÍ 1998.

“Ofan við túnið liggur gamli þjóðvegurinn, sem lá milli Geysis og Þingvalla, Kónsvegur, er hlaut það nafn 1907, er Friðrik konungur VIII. fór til Geysis. Nú er vegur þessi aflagður á köflum, síðan nýr þjóðvegur var lagður neðan við túnið,” segir í örnefnaskrá Úthlíðar.

“Fyrir ofan túnið liggur gömul braut, Kónsvegur, og beygir við túnið að Anda-læk,” segir í örnefnaskrá Hrauntúns.

“Kónsvegur heitir gamli vegurinn ofan við Norðurtún. Um hann fóru konungshjónin 1907, og var vegurinn þá lagfærður,” segir í örnefnaskrá Miðhúsa.

“Ofan (norðan) við Heiðina liggur gamli þjóðvegurinn, Kónsvegur að Brúará,” segir í örnefnaskrá Brekku.

“Rétt norðar rennur Fremri-Vallá í Brúará og myndar tungu að ofan, Vallártungu. Nokkru norðar er gamli þjóðvegurinn, Kónsvegur, er liggur yfir í Laugardal á Efribrú, er hún fær hestum, en hefur ekki breidd né burðarþol fyrir bíla,” segir í örnefnaskrá Efri-Reykja.

“Hvar sést Konungsvegurinn núna? Vegurinn frá Gjabakka austur að Laugarvatni er að því leyti frábrugðinn nútíma vegum, að hann hlykkjast eftir landslaginu og krækir fyrir lautir og hóla. Það er einmitt vegna þess að víða er þetta sami vegur og Konungsvegurinn; aðeins hefur hann verið breikkaður og borið ofan í hann. Frá Laugarvatni lá Konungsvegurinn austur eftir skógi vaxinni hliðinni, inn í Krók [...], og áfram fylgdi hann hliðinni og sveigði uppí hana ofan við Laugardalshóla. [...] Frá Efstadal og austur að Brúará sést Konungsvegurinn mæta vel, en hann var þegar um 1950 orðinn eins og skurður á köflum [...] Frá brúnni á Brúará er auðvelt að fylgja Konungsveginum. Þess er að gæta að hann sveigir í fyrstu lítið eitt upp með ánni, en á næsta kafla, austur að Neðri-Vallá, hefur birkid og annar gróður þrengt svo að honum, að hér er Konungsvegurinn ekki annað en einföld reiðgata eða göngustígur. Þegar kemur á heiðlendið uppaf Brekkuskógi og framhjá Miðhúsatjörnum og austur í Miðhúsahraun, er hægt að fylgja mjög heillegum köflum sem gefa góða hugmynd um Konungsvegin eins og hann var. Nýi vegurinn til sumarbústaða Verzlunarmannafélags Reykjavíkur í Miðhúsalandi liggur á kafla á sama stað og Konungsvegurinn og þar hafa allar minjar um hann verið eyðilagðar. Aftur kemur hann í ljós austar, þegar farið er yfir Miðhúsaáa og þar getur raunar að líta bezt varðveitta kaflann, vegna þess að þar var honum aldrei breytt í bílveg eins og



Konungsvegur ÁR-691:004, horft til norðurs. Girðingin liggur eftir austurmörkum vegarins.

gerðist austar með Hlíðinni. Austan við Miðhús sést vegurinn að vísu en heillegur er hann ekki þar. Túnið í Úthlíð teygði sig með tímanum yfir veginn tveimur stöðum og hefur þar útmáð öll merki um hann. Skammt frá Hlíðarlaug og Réttinni kemur hann aftur ljós og er ekinn á smá kafla á leiðinni upp í sumarbústaðalandið. Vel sést fyrir honum í hallanum þar austur af, og ennþá betur í Hrauntúnsbrekku þar sem birkið teygir greinar sínar yfir hann. Ofan við Hrauntúnsbrekku liggur vegurinn inn í girðingu Skógræktarinnar, sem hefur umráð yfir Hrauntúnsskógi. [...] Sé ferðinni haldið áfram niður Hrauntúnsbrekku, austur Töglín, hraunrima austur að Andalæk, sést þokkalega vel varðveittur hluti Konungsvegarins; hann hefur þó breikkað frá upprunalegri gerð vegna bílaumferðar fram til 1960. Austar með Hlíðinni hefur vegurinn svo til alveg horfið undir ræktun og raunar einnig undir þjóðvegin. Harla lítið sést eftir af Konungsveginum milli Austurhlíðar og Múla og raunar allar götur upp að Geysi. Það er síðan rétt austan við Geysi, skammt frá bílastæðinu sem þar er, að vegurinn kemur aftur í ljós og stefnir sunnar en núverandi þjóðvegur. Fyrst liggur hann yfir Beiná og smáspöl sunnar er komið að vaði á Almenningsá, sem ekki er akandi nema jeppum; áin er furðulega djúp þarna, ekki meira vatnsfall en hún er. Þaðan má vel fylgja veginum, eða því sem eftir er af honum, austur að Tungufljóti. Eitthvað mun sjást eftir af veginum frá Brúarhlöðum og fram Hrunamannahrepp,” segir í ÁFÍ 1998.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir skráði veg: “Gamli Kjalvegur [008] liggur um friðlandið auk þess sem greinilegar reiðgötur eru í friðlandinu og gamlar leiðir. Ein leið er þó sýnu skýrust og er ekki gamli Kjalvegur. Sú leið er skráð hér og er örugglega gömul leið og hugsanlega hluti konungsvegar. Vegurinn er um metri á breidd og mjög greinilegur á loftmyndum. Hann kemur úr vestri inn í friðlandið og sameinast gamla veginum sem er líklega gamli Kjalvegur. Í Morgunblaðinu þann 4. ágúst 2007 birtist grein sem ber heitið „Íslandsheimsókn Friðriks VIII Danakonungs árið 1907“. Þar segir: „[...] Eftir rúma klukkustundarferð kom konungsfylgdin að fossinum enda stutt leið frá Geysi að Gullfossi. Vegurinn að fossinum var aðeins mjóir troðningar eftir hesta og farið var yfir Tungufljót á bráðabirgðabru“. [...] Vegurinn kemur inn í friðlandið úr vestri og hverfur inn í gamla Kjalveg. Meðfram honum eru hestatrodningar svo þetta er greinilega gömul leið. Ekki verður fullýrt hvort um Konungsveg sé að ræða. Líklegt er samt að konungur hafi farið hina gömlu

leið að Gullfossi eins og segir í lýsingum af ferð konungs. Ekki verður með fullvissu vitað hvar áður nefndu Konungsvegur var.”

Vegur, vagnfær að hluta, er merktur inn á á herforingjaráðskort frá 1910. Hann kemur inn í Biskupstungnahrepp úr Laugardalshrepp yfir Brúará við Brúarárfoss, fer framhjá Miðhúsum [ÁR-373], Úthlíð [ÁR-370], Hrauntúni [ÁR-372], Strillu [ÁR-369], Múla [ÁR-367], Neðridal [ÁR-366], Laug [ÁR-364] og liggur í suðaustur að brú á Tungufljóti.

Vegurinn liggur í gegnum birkiskóg, mýrar og gróin svæði í landi Neðri-Dals, innan svokallaðar Holtslóðar. Vegurinn lá þvert í gegnum land Neðri-Dals eins og áður kom fram. Hann hefur ekki verið skráður í heild sinni þar, einungis innan deiliskipulagsreits syðst á jörðinni. Þar er vegurinn horfinn til suðurs í grjótnámu en vel er hægt að rekja hann þaðan til norðurs neðst í Holtinu langleiðina að Skriðunni/Hellisgili. Ástand hans er ágætt en víða er rof í honum vegna lækjarfarvega og trjágróðurs. Vegurinn var rakinn á um 560 m löngum kafla og er 2,5-3 m á breidd. Meðfram honum er ruðningur og hann er um 0,2 - 0,3 m á dýpt. Vegurinn er kjarri- og víðivaxinn á þessum slóðum þó er hægt að rekja hann með góðu móti. Vegurinn er enn nýttur að hluta innan jarðarinnar. Utan deiliskipulagsreitsins sést vegurinn vel á þremur stöðum til viðbótar í landi Neðri-Dals. a) Norðaustan við íbúðarhúsið í Neðri-Dal í túninu undir Ásnum er bútur sem er uppbyggður/hlaðinn. b) Frá Árgili meðfram hlíðinni ofan við Einbúa að Markargilstúni sést hann vel og er niðurgrafinn nánast alla leið. c) Frá Markargilstúni/Helludalsvegi og niður með Laugá að vestanverðu allt að vaði á Laugá sem er niður við Biskupstungnabraut sést hann líka vel og er uppbyggður/hlaðinn.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 168, 861; Ö-Neðri-Dalur A, 1; Ö-Dalsmynni, 1; Ö-Úthlíð, 4; Ö-Hrauntún, 1; Ö-Miðhús, 2; Ö-Brekka, 4; Ö-Efri-Reykir, 2; ÁFÍ 1998, 42, 73, 78; Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 16; Jökull Sævarsson, 2007.

5. Niðurstöður

Deiliskipulagsreiturinn Holtslóð er innan lögbýlisins Neðri-Dals í gamla Biskupstungnahreppi, nú Bláskógabyggð. Svæðið er syðst í landi lögbýlisins, rúmum 1 km frá heimatúni jarðarinnar. Áður en skráningin hófst var vitað um þrjá minjastaði innan deiliskráningarreitsins, Holtshús ÁR-366:020, Ferjuholt ÁR-366:022 og Konungsveg ÁR-691:004. Við vettvangsskráningu fundust tvær fornleifar til viðbótar, varða ÁR-366:023 og vörðubrot ÁR-366:049. Út frá minjum og vísbendingu örnefna og gróðurs má ætla að deiliskipulagsreiturinn hafi fyrst og fremst verið notaður til beitar auk samgangna. Allir minjastaðirnir sem skráðir voru innan reitsins teljast í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Rétt er að taka fram að þegar hættumat er gert er metið hvort einhver hætta geti mögulega steðjað að fornleifum, ef ekki verði gripið til sérstakra ráðstafana. Í flestum tilfellum er ekki talið fullvíst að staðurinn verði fyrir raski og hættan hvorki talin óhjákvæmileg eða ófyrstíganleg heldur er hættumatinu ætlað að vekja athygli á því að umræddur minjastaður geti lent í hættu vegna tiltekinna þátta.

Tvær samgöngumínjar voru skráðar á svæðinu. Konungsvegur ÁR-366:004 liggur yfir svæðið (norður-suður), nærri eystri mörkum deiliskipulagsreitsins. Þar mótast fyrir veginum til norðurs frá járnhliði við Biskupstungnabraut en vegurinn er jafnframt sýndur á Herforingjaráðskorti frá 1909. Vegurinn er horfinn sunnan við hliðið, líklega vegna malarnáms og vegagerðar. Sá hluti sem enn er varðveittur liggur í brekkurótum í átt að ræktuðum túnum og er enn notaður að hluta til aksturs. Syðst innan Holtslóðar er Ferjuholt ÁR-366:022. Ferjað var yfir Stakksá sem rennur vestan við holtið í djúpu gili en rétt vestan við Biskupstungnabraut breiðir áin úr sér og þar var ferjað. Ekki er vitað hvar ferjustaðurinn var nákvæmlega en þessu svæði hefur verið mikið raskað með malarnámi síðustu áratugi.

Einn minjastaður tengdur landbúnaði er innan svæðisins. Holtshús ÁR-366:020 er skammt vestan við Konungsveg, í brekku niður svokallað Holt. Tóftin er vel varðveitt og áberandi, ekki síst vegna gamals túns sem er umhverfis hana. Fjárhúsin eru sýnd á Herforingjaráðskorti frá 1909 og féllu úr notkun árið 1931. Rétt er að geta þess að í skýrslunni *Geysir. Fornleifaskráning* sem gerð var árið 2008 af Fornleifavernd ríkisins (nú Minjastofnun Íslands) eru Holtshús ranglega staðsett og minjum í Stekkatúni eignað þetta nafn.³ Rétt væri að uppfæra skýrsluna frá 2008 til að fyrirbyggja frekari misskilning.

Uppi á Holtinu eru tvær vörður en ekki er vitað í hvaða tilgangi þær voru reistar. Varða ÁR-366:023 er syðst í grýttum klettum og bratt er til austurs og norðurs frá henni. Hún er í norðausturhorni Holtsins, þar sem það er einna hæst. Hún er hlaðin úr grjóti sem virðist eilítið stærra en það sem sést í klettabeltinu. Varða ÁR-366:049 er lítil og mögulegt er að hún hafi aldrei verið fullhlaðin. Hún sést ekki fyrr en að henni er komið.

3 Magnús A. Sigurðsson, 2008.

Það er rétt að vekja athygli á því hér í lok skýrslu á 22. og 23. grein laga um menningarminjar en í þeim segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Ennfremur segir: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.“ Minjastofnun Íslands mun taka afstöðu til áhrifa framkvæmdanna á fornminjar, hvort þau teljist ásættanleg og hvort nauðsynlegt sé að grípa til mótvægisáðgerða.

Hnitaskrá ISN93

Samtala	Northing	Easting
ÁR-691:004	435197.035	421722.239
ÁR-366:020	435137.344	421673.788
ÁR-366:023	434724.140	421907.700
ÁR-366:049	434798.174	4218783.446

Heimildir

ÁFÍ 1998: *Fjallajarðir og Framafréttur Biskupstungna*. Ferðafélag Íslands, árbók 1998.

Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund, Lund University.

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða Íslenskt fornbréfasafn. I-XV. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík.

Inn til fjalla: Rit félags Biskupstungnamanna í Reykjavík. 1949-1966. I.-III. bindi. Guðríður Þórarinsdóttir (ritstjóri). Biskupstungnahreppur, Reykjavík.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns. 1918-1921. Árnæssýsla. II bindi. Kaupmannahöfn,

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Jökull Sævarsson. 2007. „**Íslandsheimsókn Friðriks VIII. Danakonungs árið 1907.**“ Lesbók Morgunblaðsins. Skoðað 27.08.2019. Slóðin er: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1158434/>

Kristjana Vilhjálmsdóttir. 2015. *Menningarminjar í Bláskógabyggð. Svæðisskráning fornleifa*. FS584-15221. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Magnús A. Sigurðsson. 2008. *Geysir. Fornleifaskráning*. 2008:2. Reykjavík: Fornleifavernd ríkisins og Rammaáætlun.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2013. *Fornleifakönnun í friðlandinu við Gullfoss*. Bolungarvík: Nátturustofa Vestfjarða.

MÍ201907-0129/6.09./KM. Sjá bréf Minjastofnunar dagsett 26. júlí 2019.

Sunnlenskar byggðir. Tungur, Hreppar, Skeið. I bindi. Búnaðarsamband Suðurlands, [án útgáfust.], 1980.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899. *Landskjalfar á Suðurlandi*. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn: Prentsmiðja S.L. Möller.

Landsbókasafn Íslands

Hkort 1:50000. Dönsku herforingjaráðskortin 1:50000. Herforingjaráðskort nr. 46 SA. Landsbókasafn Íslands. Skoðað 26.08.2019. Slóðin er: <http://islandskort.is/is/category/list/29;jsessionid=B2D14A0F7F062E1A3A095F9952041E87>

Þjóðminjasafn Íslands

Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986: Bryndís Róbertsdóttir. *Fornleifaskráning í Biskupstungum* 1985-86. Þjóðminjasafn Íslands, 1986 (ópr.).

Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Ö-Brekka A: Örnefnaskrá Brekku. Sigurður Jónsson skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík [án ártals]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Dalsmynni: Örnefnaskrá Dalsmynnis. Sigurður Jónsson skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík [án ártals]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Efri-Reykir: Örnefnaskrá Efri-Reykja. Sigurður Jónsson skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík [án ártals]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hrauntún: Örnefnaskrá Hrauntúns. Sigurður Jónsson skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík [án ártals]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Miðhús: Örnefnaskrá Miðhúsa. Haraldur Finnsson skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík 1976. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.


Ö-Neðri-Dalur A: Örnefnaskrá Neðri-Dals. Haraldur Finnsson skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík 1975. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Neðri-Dalur B: Örnefnaskrá Neðri-Dals. Viðauki. Bryndís G. Róbertsdóttir skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík 1986. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Neðri-Dalur C: Örnefnaskrá Neðri-Dals. Viðauki. Jóhanna Fríða Róbertsdóttir skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík án ártals. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Úthlíð: Örnefnaskrá Úthlíðar. Sigurður Jónsson skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík [án ártals]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Viðauki I: Minjakort



Minjakort: Holtslóð í landi Neðri-Dals

